



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. P 127/926  
komudagur 27.2.2002

Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðis- og tryggingamálanefnd  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík


Kópavogi, 25. febrúar 2002  
40/199/SS/ajr

**Umsögn Læknafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um skipulagða áfallahjálp þegar alvarleg og mannskæð slys ber að höndum, 141. mál.**

Læknafélag Íslands styður þau meginviðhorf, sem fram koma í þingsályktunartillögunni og lýsir ánægju með að komin skuli hreyfing á jafn mikilvægt mál, sem skipulag áfallahjálpar er á landsvísu. Rétt er rifja upp að hinn 15.mars 1995 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra, Sighvatur Björgvinsson nefnd til að “gera tillögur um hvernig megi efla og auka áfallahjálp hér á landi.” Í nefndinni voru Ágúst Oddsson, læknir, formaður Félags landsbyggðarlækna, Guðjón Petersen framkvæmdastjóri Almanna- og ríkisins, Kristján Sturluson skrifstofustjóri RKÍ, Páll Ásgeirsson yfirlæknir, Rudolf Adolfsson geðhjúkrunarfræðingur, Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur og Vilborg Ingólfsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur Landlæknisembættisins, sem var formaður nefndarinnar. Nefndin lauk störfum í lok ársins 1995 og á blaðamannafundi í byrjun árs 1996 kynnti þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir skýrslu nefndarinnar og gerði tillögur hennar að sínum. Síðan þá hefur ekkert gerst hvað þetta mál varðar.

Gera þarf greinarmun á annars vegar áfallahjálpar, sem krefst ákveðinnar þekkingar og reynslu og hins vega félagsþjónustu, sem RKÍ hefur séð um. Jafnframt þyrfti að skilgreina hvað áfallahjálpar er, sbr. greinargerð með tillögunni um stjórnunarnefnd, þar sem teknir eru inn í þættir, sem ekki flokkast til áfallahjálpar í skilningi þess orðs, s.s. fjármál, tryggingar og atvinnulíf. Óvíst er að þeir aðilar, sem þar eru upp taldir eigi erindi í umrædda nefnd. Afla má nánari upplýsinga um áfallahjálpar hjá miðstöð áfallahjálpar Landspítalans í Fossvogi.

Áfallahjálpar er forvarnarstarf og skiptir miklu að vel sé haldið á þeim málum.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands  
  
Sigurbjörn Sveinsson  
formaður